

DV



SJÓNVARPIÐ

- 16.00 **Íþróttabátturinn**. Svipmyndir frá íþróttaviðburðum vikunnar og umfjöllun um Íslandsmótið í knattspyrnu.
- 18.00 **Dvergarkíði (6)**. (La Llamada de los Gnomos). Spænskur teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Þýðandi Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir. Leikraddir Sigrún Edda Björnsdóttir.
- 18.25 **Bangsi bestaskinn** (The Adventures of Teddy Ruxpin). Breskur teiknimyndaflokkur um Bangsa og vini hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson. Leikraddir Örn Arnason.
- 18.50 **Táknmálfréttir**.
- 18.55 **Háskaslóðir** (Danger Bay). Kanadískur myndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
- 19.30 **Hringsjá**. Dagskrá frá fréttastofu sem hefst á fréttum kl. 19.30.
- 20.20 **Magni mús** (Mighty Mouse). Bandarísk teiknimynd. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
- 20.35 **Lottó**.
- 20.40 **Réttan á röngunni**. Gestabráut í sjónvarpsal. Í þessum þætti verða íslenskar hljómsveitir þungamiðja leiksins og þeir sem keppa eru fulltrúar frá Vímlausi aescu og Klúbbi 17. Umsjón Elísabet B. Þórisdóttir. Stjórn upp-töku Þór Elís Pálsson.
- 21.05 **Á fertugsaldri** (Thirtysomething). Bandarískur myndaflokkur. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
- 21.55 **Fólkíð í landinu**. Hann hefur smíðað 37 fiskiskip og haft á sjötta hundráð iðnnema. Arni Johnsen ræðir við Þorgeir Jósefsson, framkvæmdastjóra á Akranesi.
- 22.25 **Áð duga eða drepast** (The Quick and the Dead). Bandarískur vestri frá árinu 1987 gerður eftir samnefndri metsölbók Louis L'Amour Leikstjóri Robert Day. Aðalhlutverk Sam Elliott, Tom Conti og Kate Capshaw. Fjölskylda nokkur, sem hyggst setjast að í villta vestrinu, lendir í erfiðleikum vegna árása nokkurra þorpára. Ökunnar maður kemur þeim til aðstoðar en nærvera hans hefur mikil áhrif á líf hjónanna. Þýðandi Órnólfur Arnason.
- 23.55 **Sök bitur sekan** (The Washington Affair). Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1980. Leikstjóri Victor Stoloff. Aðalhlutverk Tom Selleck, Carol Lynley og Barry Sullivan. Roskinn kaupþýslumaður neytir allra bragða til að ná mikilvægum viðskiptasamningi. Þýðandi Páll Heiðar Jónsson.
- 1.20 **Útvarpsfréttir** í dagskrárlok.



- 9.00 **Með Beggu frænku**. Halló krakkar! Þið hafið verið dugleg að senda mér ljósmyndir og í dag er happdrættisdagur. Eg ætla að draga nokkrar myndir úr öllum þeim sem þið hafið sent mér og þeir heppnu fá eitthvað úr kistunni minni góðu. Við gleymum að sjálfsgöðu ekki teiknimyndunum og hörfum á **Tao Tao, Óskaskóginn, Snorkana og Maju býflug**. Myndirnar eru allar með íslensku tali.
- 10.30 **Jógi**. Teiknimynd.
- 10.50 **Hinir umbreyttu**. Teiknimynd.
- 11.15 **Fjölskyldusögur**. Leikin barna- og unglingamynd.
- 12.00 **Ljáuð mér eyra...** Við endursýnum þennan vinsæla tónlistarþátt.
- 12.25 **Lagt í ann**. Endurtekinn þáttur frá sjóðastíðnum sunnudegi.
- 12.55 **Annie**. Þessi dans- og söngvamynd höfðar jafnt til barna sem fullorðinna og er ákaflega vönduð enda var engu til sparað við gerð hennar. Carol Burnett sýnir eftirminnilegan leik í hlutverki drykkfelldrar forstöðukonu á munaðarleysingjaheimili. Aðalhlutverk Albert Finney, Carol Burnett, Ann Reinking, Tim Curry og Aileen Quinn.
- 15.00 **Tootsie**. Dustin Hoffman fer með hlutverk leikara sem á erfitt uppdráttar. Hann bregður á það ráð að sækja um kvenmannshlutverk í sápuöperu og fer í reynslutöku dulbúinn sem kvenmaður og kallar sig „Dorothy“. Frábær grínmynd fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk Dustin Hoffman og Jessica Lange.
- 17.00 **Íþróttir á laugardegi**. Meðal annars verður lítið yfir íþróttir helgarinnar, úrslit dagsins kynnt o.fl. skemmtilegt. Umsjón: Heimir Karlsson og Birgir Þór Bragason.
- 19.19 **19.19**. Fréttir og fréttatengt efni.
- 20.00 **Líf í tuskunum**. Rags to Riches. Nýr framhaldsþáttur í gamansömum dúr. Milljónamæringurinn Nick Foley ákveður að taka að sér munaðarleysingja til þess að bæta ímyndina út á við. Foley er piparsveinn sem brotist hefur

áfram af eigin rammleik, reist sitt eigið fyrirtæki upp frá grunni og nýtur hylti almennings. Á sama tíma og Foley hyggst sanna vinsældir sínar standa sex munaðarlausar stúlkur frammi fyrir því að munaðarleysingjahælið sem þær búa á verður að leggja niður vegna fjáskorts. Þær ákveða að standa saman og áður en langt um líður er raunasaga þeirra orðin tilefni til blaðaskrifa en þar sér Nick Foley þeirra fyrst getið. Þá kviknar hjá honum sú hugmynd að bjóða þeim öllum sex að búa hjá sér til þess að auka enn á lýðhylli sína. Aðalhlutverk Joseph Bologna, Bridgette Michele, Kimiko Gelman, Heidi Zeigler, Blanca DeGarr og Tisha Campbell.

- 21.40 **O'Hara**. Litli, snarpi lögregluþjónninn og gæðablóðinn hans koma mönnum í hendur réttvisinnar þrátt fyrir sérstakar aðfarir. Aðalhlutverk: Pat Morita, Kevin Conroy, Jack Wallace, Catherine Keener og Richard Yniguez.
- 22.30 **Golfsveinar**. Caddyshack. Golfvöllur, golfsveinar, golfarar, litlar hvítar kúlur og erkióvinur golfvallarins, nefnilega moldvarpan, fara á kostum í þessari óþorganglegu gamanmynd enda er leikaraúrvalið ekki af verri endanum. Bill Murray fer á kostum í skæruhernaði gegn erkióvininum, moldvörpunni, sem framan af tekst að gera mikinn óskunda. Chevy Chase í hlutverki hins frá-bæra golfara er ógleymanlegur en baráttan um auð, völd og litla hvíta boltann ætti að kila hláturtaugar áhorfenda svo um munar. Aðalhlutverk Chevy Chase, Bill Murray, Rodney Dangerfield, Ted Knight og Michael O'Keefe.
- 0.05 **Herskyldan**. Nam, Tour of Duty. Spennubáttaröð um herflokk í Vietnam. Aðalhlutverk: Terence Knox, Stephen Caffrey, Joshua Maurer og Ramon Franco.
- 0.55 **Söngurinn lifir**. Lady Sings the Blues. Sannsöguleg mynd sem byggð er á lífi jasssöngkonunnar Billie Holiday. Foreldrar Billie voru á unglingasaldri þegar hún kom í heiminn. Hún átti erfiða æsku og var að eigin sögn orðin fullþroska kona réttara sextán ára. Aðeins tíu ára gömul varð hún fórnarlamb nauðgara en þessi kynni Billie af hinni víðsjárförðu veröld eiga eflaust sinn þátt í því að nokkrum árum eftir þennan atburð leiddist hún út í vændi og leitaði sér huggunar í alls kyns vímuegðum, m.a. heróíni. Hún lést á sjúkrahúsi undir strangri gæslu lögreglumanna, ákærð fyrir að hafa undir höndum ólögleg eiturlyf. Aðalhlutverk Diana Ross, Billie Dee Williams og Richard Pryor.

Rás 1
FM 92.4/93.5

- 6.45 **Veðurfregnir**. Bæn. Séra Hreinn Hjartarson flytur.
- 7.00 **Fréttir**.
- 7.03 **Góðan dag**, góðir hlustendur. Pétur Pétursson sér um þáttinn.
- 9.00 **Fréttir**. Tilkynningar.
- 9.05 **Litli barnatíminn á laugardegi** – Spyrið herra Björn, ævintýri eftir Marjorie Flack. Þýðing: Þorstein frá Hamri. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
- 9.20 **Sigildir morguntónar** – Saint-Saens, Haydn og Boccherini.
- 9.35 **Hlustendabjónustan**. Sigrún Björnsdóttir svarar fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Útvarps og Sjónvarps.
- 9.45 **Innlent fréttayfirlit vikunnar**.
- 10.00 **Fréttir**. Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfregnir**.
- 10.30 **Fólkíð í þinghóltunum**. Fjölskyldamynd eftir Ingibjörgu Hjartardóttur og Sigrúnu Óskarsdóttur. Flytjendur: Anna Kristín Arngrimsdóttir, Arnar Jónsson, Flosi Ólafsson, Margrét Ólafsdóttir og Steindór Hjörleifsson. Stjórnandi: Jónas Jónasson.
- 11.00 **Tilkynningar**.
- 11.05 **Í líðinni viku**. Umsjón: Erna Indriðadóttir. (Frá Akureyri)
- 12.00 **Tilkynningar**. Dagskrá.
- 12.20 **Hádegisfréttir**.
- 12.45 **Veðurfregnir**. Tilkynningar.
- 13.00 **Hér og nú**. Fréttabáttur í vikulok-in. Tilkynningar.
- 13.30 **Á þjóðvegi eitt**. Sumarþáttur með fróðlegu ívafi. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir og Ómar Valdimarsson.
- 15.00 **Þetta vil ég heyra**. Leikmaður velur tónlist að sínu skapi.
- 16.00 **Fréttir**. Tilkynningar. Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfregnir**.
- 16.20 **Sumarferðir Barnaútvarpsins** – Í Atlavík á fjölskylduhátíð. Umsjón: Kristjana Bergsdóttir.
- 17.00 **Leikandi létt** – Ólafur Gaukur.
- 18.00 **Á lífi og sál** – Sportkófun. Erla B. Skúladóttir ræðir við Guðrúnu Margréti Ólafsdóttur og Harald Sigurðsson um áhugamál þeirra. Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfregnir**. Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir**.
- 19.30 **Tilkynningar**.
- 19.32 **Ábættir**. Arne Domnerus. Rune Gustavson, Georg Riedel, Gunn-

- ar Svenson og Pétur Östlund leika.
- 20.00 **Sagan**: Ört rennur æskublóð eftir Guðjón Sveinsson. Pétur Már Halldórsson les (7).
- 20.30 **Visur og þjóðlög**.
- 21.00 **Slegið á léttari strengi**. Inga Rósa Þórðardóttir tekur á móti gestum. (Frá Egilsstöðum)
- 21.30 **Íslenskir einsöngvarar**. Einar Kristjánsson, Stefán Íslandi og Guðrún Á. Simonar syngja.
- 22.00 **Fréttir**. Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.15 **Veðurfregnir**.
- 22.20 **Dansað með harmonikuunnendum**. Saumastofudansleikur í Útvarpsútsúni. (Áður útvarpað sl. vetur.) Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson.
- 23.00 **Dansað í dögginni** – Sigríður Guðnadóttir. (Frá Akureyri)
- 24.00 **Fréttir**.
- 0.10 **Svolitið af og um tónlist undir svefninn**. Kvöldstund í Orkneyjum með Peter Maxwell Davies. Jón Örn Marinósson kynnir.
- 1.00 **Veðurfregnir**.
- 1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns**.



- 8.10 **Á nýjum degi**. með Péttri Grétarsyni.
- 10.03 **Nú er lag**. Magnús Einarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá Útvarps og Sjónvarps.
- 12.20 **Hádegisfréttir**.
- 12.45 **Kæru landsmenn**. Berglind Björk Jónasdóttir og Ingólfur Margeirsson.
- 17.00 **Fyrirmyndarfólk** litur inn hjá Lisu Pálsdóttur.
- 19.00 **Kvöldfréttir**.
- 19.31 **Áfram Ísland**. Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 **Kvöldtónar**.
- 22.07 **Sibyllan**. Sjóðheitt dúndurpopp-beint í græjumar. (Einnig útvarpað nk. föstudagskvöld á sama tíma.)
- 0.10 **Út á lífið**. Anna Björk Birgisdóttir ber kveður milli hlustenda og leikur óskalög.
- 2.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns**. Fréttir kl. 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTVARP

- 2.00 **Fréttir**.
- 2.05 **Eftirlæstislögin**. Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Erlu Wigelund kaupmann sem velur eftirlæstislögin sín. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi á Rás 1.)
- 3.00 **Róðaróttak**. Fréttir kl. 4.00.
- 4.30 **Veðurfregnir**.
- 4.35 **Næturnótur**.
- 5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum**.
- 5.01 **Áfram Ísland**. Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum**.
- 6.01 **Úr gömlum belgjum**.
- 7.00 **Morgunpopp**.
- 7.30 **Fréttir á ensku**.



- 9.00 **Pétur Steinn Guðmundsson**. Pétur tekur púlsinn á þjóðfélaginu, ætlað meira að segja að kafa pinulítið dýpra. Andleg mállefni, og allt þeim skylt, vörð til staðar, mannlegt fram úr höfi. Viðtöl við forvitnilegt fólk, tónlist sem allir þekja og sem hæfir tiltektinni á laugar dagsmorgnum.
- 13.00 **Kristófer Helgason**. Leikur, uppákomur og glens taka völdin á laugardegi.
- 16.00 **Dreifibýlistónlist**. Páll Þorsteinson, í kúrekastigvélum og með hatt, leikur nýjustu sveitatónlistina og færir okkur fréttir frá Nashville og víðar. Bibba á klukkutíma fresti.
- 18.00 **Ólafur Már Björnsson**. Laugardagskvöldið tekið með trompi. Óskalög og kveður í sínum 68 19 00 og 61 11 11.
- 22.00 **Halþór Freyr** mættur á næturvaktina, næturvakt sem segir „6“. Hafið samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11, og sendið vinum og kunningum kveður og óskalög á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.
- 3.00 **Næturdagskrá**.



- 9.00 **Sigurður Helgi Hlökkversson**. Fjörvið fóninn. Hress en þægileg tónlist í morgunsárið.
- 13.00 **Kristófer Helgason**. tekur völdin á laugardegi með miklum láttum. Bibba á klukkutíma fresti.
- 18.00 **Ertu í baði?** eða að setja þig í starthólurnar fyrir kvöldið. Góð tónlist.
- 22.00 **Halþór Freyr Sigmundsson**. Næturvakt sem getur fengið

Heklu til að gjósa á ný. Óskalög og kveður.

Hafið samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11 og sendið vinum og kunningum kveður og óskalög á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.

3.00 **Næsturstjörnur**.



- 10.00 **Útvarp Kolaport**. Bein útsending frá markaðinum í Kolaporti, lítið á mannlífið í miðborginni og leikinn tónlist úr öllum áttum.
- 15.00 **Áf vettvangi baráttunnar**. Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil. Að þessu sinni eru það vandamál dreifibýlisins.
- 17.00 **Um Rómönsku Ameríku**. Miðameríkunefndin.
- 18.00 **S-amerísk tónlist**. Ingvi Þór Kristinsson.
- 19.00 **Laugardagur til lukku**. Gunnlaugur og Þór.
- 20.00 **Fés**. Unglingabáttur í umsón Arna Freys og Inga.
- 21.00 **Sibyllan** með Jóhannesi K. Kristjánssyni.
- 23.30 **Röðraugar**.
- 24.00 **Næturvakt**.



- 7.00 **Felix Bergsson**.
- 12.00 **Steinnunn Halldórs**.
- 15.00 **Á laugardegi**. Stefán Baxter og Nökkvi Svavarsson.
- 18.00 **Kiddi Biglót**. „Parti – ball.“
- 22.00 **Sigurður Ragnarsson**.
- 3.00 **Nökkvi Svavarsson**.



- 4.30 **The Flying Kiwi**. Ævintýrasería.
- 5.00 **Poppþáttur**.
- 6.00 **Gríníðjan**. Barnaþættir.
- 10.00 **Íþróttabáttur**.
- 11.00 **Fjölbragðaglima**.
- 12.00 **Fegurðarsamkeppni Bandaríkjanna**.
- 14.00 **Sara**. Ævintýraflokkur.
- 15.00 **50 vinsælustu lögin**.
- 16.00 **Litil kraftaverk**. Gamanþáttur.
- 17.30 **Those Amazing Animals**.
- 18.30 **The Love Boat**. Gamanmynda-flokkur.
- 19.30 **The Hellfire Club**. Kvikmynd.
- 21.30 **Fjölbragðaglima**.
- 22.30 **Poppþáttur**.



- 13.00 **Project X**.
- 15.00 **Panda and the Magic Serpent**.
- 17.00 **Homeward Bound**.
- 19.00 **Tin Men**.
- 21.00 **Raw Deal**.
- 22.40 **Alien**.
- 00.40 **Aliens**.



- 9.30 **Hornabolti**. Valin atriði úr leik í amerísku deildinni.
- 10.30 **Knattspyrna**. Holland gegn Bretlandi.
- 12.30 **Tennis**. Frá Stuttgart.
- 14.30 **Rugby**. Spennandi keppni úr áströlsku deildinni.
- 15.30 **Íþróttakynning Eurosport**.
- 16.00 **Trans World Sport**. Íþróttifréttir viðs vegar að.
- 17.00 **Knattspyrna**.
- 18.00 **Fimleikar**. Alþjóðleg keppni í Astralíu.
- 19.00 **Tennis**. Frá Stuttgart.
- 21.00 **Frisalsár Íþróttir**. Meistarakeppni A-þýskalands.
- 22.00 **Knattspyrna**.



- 5.00 **Teiknimyndir**.
- 9.00 **Tónlist og tíska**.
- 10.00 **Tourist Magazine**. Ferðabáttur.
- 10.30 **Tónlist og tíska**.
- 11.00 **Hollywood Insider**.
- 11.30 **Tónlist og tíska**.
- 12.00 **Flame Trees of Thika**.
- 13.00 **Carry on Laughing and the Goodies**.
- 14.00 **Wanted Dead or Alive**. Vestri.
- 14.30 **Tónlist og tíska**.
- 15.00 **Dick Turpin**. Ævintýramynd.
- 15.30 **Evrópulístin**. Poppþáttur.
- 16.30 **Íþróttir**.
- 17.30 **Tískubáttur**.
- 18.00 **The Rage of Paris**. Kvikmynd.
- 20.00 **Taggart**.
- 20.55 **Roving Report**. Fréttaskýringabáttur.
- 21.30 **Cat People**. Kvikmynd.

Laugardagur 29. júlí

Rás 1 kl. 13.30:

Á þjóðvegi 1

Hvað gera Íslendingar á sumrin? Þeir fara að veiða, í grasaferðir, í berjatínslu, gönguferðir, á hestamannamót og í útilegur. Svo eru aðrir heima að vinna í gördunum sínum. En hvort sem þeir eru heima eða heiman fá þeir að heyra um sumariðju Íslendinga í sumarþætti Útvarpsins, Á þjóðvegi 1, á Rás 1 á laugarðögum.

Þar má heyra skemmtilegar ferðasögur, spjall um umhverfismál, fylgst er með dýralífi, jurtalífi og mannlífinu yfirleitt. Jón Böðvarsson er fastagestur í þættinum. Hann leggur fyrir hlustendur getraun um landið. Jón gefur hlustendum vísbendingar með því að vitna í þekkt ritverk eða ljóð sem tengjast staðnum. Hafsteinn Hafliðason er einnig fastagestur þáttarins og talar um gróður og garða.

Ekki má gleyma Spaugstofunni sem frumflytur leikþátt um umferðarmál í hverjum þætti.

Umsjónarmenn þjóðvegs 1 eru þau Ómar Valdimarsson og Bergljót Baldursdóttir.

Sjónvarp kl. 22.25:

Að duga eða drepast

Vestraunnendur fá sinn skammt í Sjónvarpinu í kvöld í nýlegri bandarískri mynd, Að duga eða drepast.

Hér segir frá slyngum byssumanni sem kemur landnemafjölskyldu til hjálpar þegar fól nokkur veita henni eftirfór yfir sléttuna og hafa illt eitt í huga.

Vallian, en svo heitir byssumaðurinn, er einfari þótt ekki slái hann hendinni á móti félagsskap fagurra kvenna. Í þessari mynd laðast þau hvort að öðru, Vallian og Susanne, konan sem hann er að hjálpa. En hjúin sigrast á öllum vandræðum á sama hátt og þeim tekst að ráða niðurlögum óvinarins blóðþyrsta.

Að duga eða drepast er byggð á samnefndri sögu vestra-höfundarins Louis L'Amour. Sam Elliott leikur Vallian, Kate Capshaw leikur Susanne og Tom Conti leikur eiginmann hennar.

Maltin segir mynd þessa vera fyrir ofan meðallag, hrósar m.a. kvikmyndatökunni og segir góðan anda svifa yfir öllu.



Sam Elliott er þungur á brún enda ærið verk að verja fjölskylduna gegn ágangi glæpamanna.

Stöð 2 kl. 22.30:

Golfsveinar



Rodney Dangerfield í góðum félagsskap í Golfsveinum.

fylgist af aðáun með eiganda vallarins og flinkum golfara, glaumgösum Ty Webb. Þarna eru líka landvörðurinn Carl, hálfundarlegur fýr, og Smalls dómari, formaður golfklúbbsins og hrokagikkur hinn mesti.

Þag nokkurn kemur auðfyririnn Al Czernik í heimsókn, óþinskár, hrjúfur og með seðla upp úr öllum vösum. Slíkur maður hefur ekki sést á vellinum og dómariinn er ekki par hress.

Ekki er að sökum að spyrja þegar jafnmargir furðufuglar eru samankomnir á einum stað. Rekur hver atburðurinn annan, kvennafar og fleira.

Mynd þessi er sögð vera í anda Animal House og slíkra mynda. Maltin segir Rodney Dangerfield vera með afbrigðum fyndinn og gefur myndinni tvær stjörnur.

Sjónvarp kl. 23.55:

Sök bitur sekan

Síðari bíómynd Sjónvarpsins fjallar um óprúttinn kaupþýslumann sem grípur til fjárkúgunar til að tryggja fyrirtæki sínu álitlegan samning.

Walter Nicholson er ör-væntarfullur maður. Fyrirtæki hans ríðar á barmi gjaldþrots, hjartað er orðið veilt og konan sólgín í dýra pelsa, bíla og skartgrip. Hið eina sem gæti bjargað honum er samningur við stjörnuvöld um flugvélasmiði. Og Walter er reiðubúinn að gera hvað sem er til að tryggja sér samninginn.

Lykilmaðurinn í áformum kaupþýslumannsins er innkaupastjóri stjórnvalda,

Jim Hawley. Er hægt að kaupa hann, mæta honum, beita hann fjárkúgun? Hverjir eru veikleikar hans? Þessum spurningum veitir Walter Nicholson fyrir sér.

Hann lætur hlera hótélherbergi innkaupastjórans, fær dómu til að reyna að tæla hann, reynir að bera á hann fé en ekkert gengur. Loks kemur þó í ljós að opinberi starfsmaðurinn hefur snöggan blett þar sem ung eiginkona hans er.

Aðalhlutverk leika Barry Sullivan, Carol Lynley og Tom Selleck. Leikstjóri er Victor Stoloff. Maltin gefur myndinni tvær stjörnur.